

Nd.

181. Frumvarp til laga

um heimild handa samgöngumálaráðherra til þess að veita sjómælingamanni Páli Ragnarssyni stýrimannsskírteini á íslenskum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Samgöngumálaráðherra skal heimilt að veita sjómælingamanni Páli Ragnarssyni undanþágu frá að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945 og láta honum í té stýrimannsskírteini í utan- og innanlandssiglingum á íslenskum verzlunar- og varðskipum, af hvaða stærð sem er, og skipstjóraskírteini á sams konar skipum, eftir að hann hefur fullnægt öðrum ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum. Skulu próf hans við skóla í Danmörku jafngilda íslenskum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk samgöngumálaráðuneytisins, og fylgdu því gögn, er sanna, að Páll Ragnarsson hefur lokið sjóliðsforingjaprófi í Danmörku og hefur á þann hátt öðlazzt kunnáttu, sem fyllilega nægir þeim kröfum, sem gerðar eru samkv. íslenskum lögum. Meðmæli frá skólastjóra stýrimannaskólans liggja fyrir, að vísu munnleg, en mjög eindregin.